

Norðurþing
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Garðarsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 11.október 2022

Efni: Jarðstrengur frá Þeistareykjavirkun að Kópaskerslínu 1.

Lýsing á framkvæmd: Framkvæmdin felst í því að leggja 7,8 km langan jarðstreng frá tengivirki á Þeistareykjum að mastri no 172 í Kópaskerslínu. Strengurinn mun liggja í vegkanti gamla vegslóðans að Þeistareykjum. Strengurinn er að mestu innan Þingeyjarsveitar en alveg nyrst lendir hann innan sveitarfélagsmarka Norðurþings.

HNE gerir kröfur til verktaka með vélknúin tæki eins og beltagröfur og dráttarvélar að tækin séu í fullkomnu lagi og verði yfirfarin af Vinnueftirliti eða öðrum þar til hæfum aðila, áður en viðkomandi tæki verða tekin í notkun.

HNE telur að framkvæmdin eins og henni er lýst geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir efnispáttum sem máli skipta og sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Hvað varðar starfsleyfi sem HNE veitir vísast til reglugerðar nr. 550/2018 um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. fylgiskjal 2. Vinnsla jarðefna þ.m.t. vinnsla malar, vikur og grjótnám, verktakar með þungavinnuvélar, (s.s. aðstaða til olíuskipta).

HNE telur að vel sé gert grein fyrir mótvægisáðgerðum og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina á þessu stigi.

Virðingarfyllt:

Jóhannes H hauksson
heilbrigðisfulltrúi